

Fundargerð 381

Föstudaginn 25. mars 2011 kl. 12:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarsíma. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Herdís Á. Sæmundardóttir og Sturla Böðvarsson. Auk þeirra sátu fundinn; Hjalti Árnason, Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Flateyri, staða mála
3. Verkefni Þróunarsviðs, gerð grein fyrir verkefnum.
4. Tillaga um viðurkenningu Byggðastofnunar.
5. Fundargerð lánanefndar
6. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 12:30 og gekk til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar fundargerð síðasta fundar nr. 380 (f.skjal 1) upp til samþykktar.

Fundargerð var samþykkt samhljóða og verður dreift til undirritunar á næsta fundi stjórnar.

2. Flateyri, staða mála.

HÁ fór yfir minnisblað (f. skjal 2) sem dreift var með fundargögnum þar sem gerð var grein fyrir tilboðum sem bárust í eignir þrotabús Eyrarodda ehf. sem veðsettar eru Byggðastofnun.

Að mati starfsmanna er hagstæðasta tilboðið frá Toppfiski ehf. og er lagt til að stjórn feli forstjóra og forstöðumanni lögfræðisviðs að ganga til samninga við Toppfisk ehf. á grundvelli tilboðs félagsins.

Formaður bar ofangreinda tillögu fram og var hún samþykkt samhljóða.

3. Verkefni Þróunarsviðs, gerð grein fyrir verkefnum.

SBS fór yfir verkefni Þróunarsviðs (f. skjal 3). Ræddi hann um verkefnið um samfélagsleg áhrif efnahagshrunsins og framkvæmdar efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar. Erindi hefur borist frá fjárlaganefnd Alþingis þar sem farið er framá að Byggðastofnun taki á sig kostnað við verkefnið sem áætlaður er 3,1 mkr.

Vilji sé á Alþingi að afgreiða Byggðaáætlun 2010-2013, en gert er ráð fyrir að Byggðastofnun beri ábyrgð á 4 verkefnum og taki þátt í 6 öðrum. Vinna við skýrslu um Byggðarlög sem búa við langvarandi fólksfækkun er langt komin. Vinna við hagtölur landshluta er í gangi. Tölur um fasteignagjöld og fasteignamat væntanlegar fljótlega. Ný kort með byggðatengdum upplýsingum fara á heimasíðu stofnunarinnar fljótlega. Þá er starfsmaður þróunarsviðs að fara til starfa hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en gerður er svokallaður vistunarsamningur milli Byggðastofnunar og ráðuneytisins.

Samþykkt samhljóða að Byggðastofnun greiði allt að helmingi áætlaðs aðkeypts kostnaðar eða 1,6 mkr. við verkefnið um samfélagsleg áhrif efnahagshrunsins eins og það birtist í fjárlögum.

4. Tillaga um viðurkenningu Byggðastofnunar.

SBS fór yfir minnisblað (f. skjal 4) sem dreift var fyrir fundinn. Tillagan gengur útá að Byggðastofnun veiti viðurkenningu á ársfundi sínum til einstaklinga, stofnana, fyrirtækja, félaga eða sveitarfélaga sem á einhvern hátt hafa vakið jákvæða athygli á landsbyggðinni.

Samþykkt samhljóða að fela forstjóra og formanni að vinna að því að hrinda tillögunni í framkvæmd á næsta ársfundi.

5. Fundargerð lánanefndar.

Fundargerð 04/11, 9. mars 2011. (f. skjal 5)

...

Fundargerðin staðfest.

6. Önnur mál.

...

Stoðkerfi atvinnulífsins og Byggðastofnun.

BJ spurðist fyrir um starf nefndar sem fjallar um framtíð lánastarfsemi Byggðastofnunar, ósk um fund stjórnar með iðnaðar- og innanríkisráðherra, hugmyndir um breytingar á stoðkerfi atvinnulífsins og frumvarp um breytingar á lögum um Byggðastofnun.

Formaður sagðist myndu ítreka ósk um fund með ráðherrum, því erindi hefði verið komið á framfæri eftir síðasta stjórnarfund.

SB sagði frá starfi nefndarinnar, en nefndin mun funda á Sauðárkróki nk. þriðjudag.

...

Ársfundur 2011.

Lagt er til að ársfundur stofnunarinnar fari að þessu sinni fram í Vestmannaeyjum 27. maí nk.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:00.

Magnús Helgason, fundarritari
